



Kæri nýnemi!

Nú líður senn að upphafi haustannar hjá okkur í MS. Skólastarfið hefst samkvæmt [skólalagatali](#) **mánudaginn 19. ágúst kl. 10:00 með móttöku nýnema, kynningu á skólastarfinu og hópefli.**

Dagskráin hefst í Holti (matsal MS, staðsettur inn af aðalanddyri skólans). Dagskrá lýkur með grillveislu kl. 13-14. Nemendur þurfa ekki að koma með neitt með sér en gott að vera klædd eftir veðri þar sem hópefli fer að hluta fram utandyra.

**Þriðjudaginn 20. ágúst** eru nýnemar boðaðir á upplýsingatækninámskeið í skólanum og ætlast er til að þeir mæti með tölvur. Nemendur á félagsfræðabraut með upphafsstafi A-P mæta kl. 10-12. Nemendur á félagsfræðabraut með upphafsstafi R-Ö mæta kl. 13-15. Allir nemendur á náttúrufræðibraut mæta kl. 13-15. Athugið að skyldumæting er á námskeiðið.

**Föstudaginn 23. ágúst** verður nýnemaferð í Vatnaskóg yfir nótt sem skipulögð er af skólanum og [nemendafélagi](#) skólans. Lagt verður af stað frá MS kl. 11:50 á föstudeginum og komið til baka fyrri hluta laugardags. Nýnemaferðin er valkvæð og nemendur taka þátt í kostnaði við ferðina. Gjald fyrir ferðina er 7500 kr (rúta, gisting og matur innifalinn). Send verður rúkkun í heimabanka greiðanda á næstu dögum og er greiðsla þess staðfesting á skráningu. Eindagi greiðslu er þriðjudagurinn 20. ágúst. Ef kostnaður er fyrirstaða hefur skólinn ýmis úrræði ([sjá hér](#)), vinsamlegast látið okkur vita. Við hvetjum nemendur til að mæta og kynnast verðandi skólafélögum.

Kennsla á haustönn hefst samkvæmt stundaskrá **mánudaginn 26. ágúst** og áætlað er að stundatöflur haustannar verði birtar í Innu föstudaginn 23. ágúst. Námsgagnalista má finna [hér](#) og gott er að kaupa bækur þegar stundatafla hefur verið birt. **Inna** er námskerfi skólans og er hún aðgengileg nemendum og forsjárfólki með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. **Því er nauðsynlegt að nemendur hafi slíkan aðgang áður en þeir mæta á nýnemadagana.**

Við hvetjum þig til að undirbúa þig vel fyrir komandi önn og huga sérstaklega að tölvubúnaði. Tölvur eru notaðar í flestum áföngum í skólanum. Því er æskilegt að nemendur hafi sínar eigin fartölvur til að nota í kennslustundum. Tölvupóstur verður sendur fyrir helgi með leiðbeiningum um aðgang að tölvukerfum skólans á netfangið sem notað var þegar nemandi skráði sig í skólann (ef leita þarf að póstinum er sendandi [tolvuumsjon@msund.is](mailto:tolvuumsjon@msund.is)). Tölvukerfi skólans verða nánar kynnt á upplýsingatækninámskeiðinu.

Upplýsingafundur verður haldinn fyrir forsjárfólk/aðstandendur þegar kennsla hefst,





MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

fundarboð berst þegar nær dregur. Við hvetjum aðstandendur til að ganga í Facebookhóp foreldraráðs MS sem má finna [hér](#).

Stjórnendur skólans benda á að hvorki skólinn né nemendafélagið standa fyrir félagslífi í sumar og fyrsti viðburður nemendafélagsins er nýnemaferðin þann 23. ágúst.

Ef eitthvað er óljóst hafið þá endilega samband við skrifstofu skólans á [msund@msund.is](mailto:msund@msund.is) eða í síma 5807300.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur!

Bestu kveðjur,  
starfsfólk Menntaskólans við Sund

